

Raforkumálastjóri,
Jarðhitadeild.

SKÝRSLA VIÐNÁMSMÆLINGA SUMARIÐ 1961.

april 1963

Guðnabakki, Stafholtstungum

30.6.61 G.P.

Gerðar voru tvær viðnámsmælingar, nr. 1 við aðalvolgru á eyrum Kjarrár, með stefnu línu nokkurn veginn SV-NA; nr. 2 í túni um 150 m sunnar, stefna línu nálægt A-V. Vestari endi línu 2 náði út á áreyrarnar. Enn fremur voru gerðar seismiskar mælingar. Hiti í aðalvolgrunni mældist 48°C.

Breiðabólstaður, Reykholtisdal

18.7.61 G.P.

Gerðar voru tvær viðnámsmælingar um 200 m sunnan við íbúðarhús. Sú fyrri (nr. 1) var við veg að húsinu, sú síðari á túninu um 120 m austar. Stefna beggja ca. VNV-ASA. Línurnar eru dálítið vestan við línu um hverina á Kópareykjum og í Reykholti.

Stóri-Kroppur, Reykholtisdal

1. og 3.8.61 Ö.H.

Fyrst var mælt rétt norðan við bæinn, og síðan norðan Þjóðveggarins, því bóndi hefur í hyggju að flytja bæinn þangað. Mjög öruggt var að mæla V-2 sökum þess hversu galvanometerinn var stökkull, og tók ég tækis upp morguninn eftir og hreinsaði það. Lagðist þetta þá svo að ég ákvað að endurtaka mælinguna (gert þann 3.8.) og er það sú niðurstaða, sem er teiknuð upp. Engin jarðhitamerki eru í sjálfu landinu, en hins vegar á þeim bæjum, sem eiga land að austan, vestan og norðan.

V-1 er mæld í túnbrekku og sjást hraunlöggin rétt ofan við þar sem mælt var.

V-2 er mæld í mólendi niðri á jafnsléttu (í sömu hæð og áin er) og hefur þetta verið þurrkað með skurðum.

Ekki tókst að segulmæla ganginn austan við bæinn, sem Jón taldi mjög æskilegt að mæla og athuga.

Brekkukot, Reykholtisdal

2.8.61 Ö.H.

Engin jarðhitamerki eru í landi Brekkukots, og voru mælingarnar gerðar í túninu fyrir framan bæinn. V-1 er gerð í frekar þurru landi, en V-2 á uppþurrkuðu túni, en víða myrlendi í kring.

Gróf, Reykholtisdal

2.8.61 Ö.H.

Engin hitamerki eru í landi Grófar. Fyrirhugað er að reisa nýjan bæ sunnan við þjóðveginn, og lék bónda forvitni á að athuga þar.

V-1 er gerð í mólendi og er dálítill hæðarmismunur á þessu svæði og á því, þar sem V-2 er gerð, þetta líklega ca. 4-5 m hærra.

V-2 er í túni bóndans á árbökkunum.

Engar segulmælingar gerðar hér.

Birkihlíð - Skáney, Reykholtisdal

3.8.61 Ö.H.

Engin jarðhitamerki eru sunnan í Skáneyjarbungu. Hins vegar vantar kalt vatn líka á báða bæina, og höfðu þeir ekki síður áhuga á að fá það. Bæirnir standa nokkuð hátt, en tvær allmiklar kvosir eru sitt hvoru megin við Skáney, og voru viðnámsmælingarnar gerðar í þeim. Hvort tveggja er þetta ræktað land. (Mælingin sem er merkt V-2 í Nesi er reyndar í landi Skáneyjar).

Nes og Sturlureykir, Reykholtisdal

3.8.61 Ö.H.

Enginn hitamerki eru í þessu landi. Í holtinu ofan við veginn í landi Skáneyjar og Birkihlíðar er staður þar sem ekki frýs á vetrum, og var V-2 mæld þar. Á þessu svæði standa klappir upp úr. V-1 var mæld í túninu niður við á. Svipar þessari mælingu mjög til V-2 við Gróf.

Til samanburðar var mælt í landi Sturlureykja, sem liggur á milli Grófar og Nesja. Var ein viðnámsmæling V-3 gerð þar. Var mælt á árbakkanum. (Sjá teikningu)

Geirshlíð - Giljahlíð, Flókadál

17.7.61 G.P.

Gerð var ein viðnámsmæling um 30 m sunnan við hálfvolga uppsprettu (11°C og 2-3 l/sek). Stefna línu ca. A-V (rétt neðan við kálgarð). Vegna þess að viðnámið mældist lágt (um 20-2 m) á ca. 5-20 m dýpi, var tekin önnur lína styttri (nr. 2) hornrétt á þá fyrri (stefna ca. S-N).

Giljar, Hálsasveit

20.7.61 G.P.

Volgra á 2 stöðum í skurðum í túni vestan við bæ. Gerð ein viðnámsmæling við aðalvolgruna (26°C). Hin volgran reyndist um 28°C í sytru sem kom út úr skurðbakkannum. Einnig var segulmælt.

Signýjarstaðir, Hálsasveit

4.8.61 Ö.H.

Engin hitamerki eru í þessu landi. Þessi jörð er á víðáttumiklum mæl og sandi.

V-1 var gerð í túni bóndans, en V-2 nokkru ofan við bæinn utan í hliðinni. Víða kom hér melurinn uppúr. Allt svæðið virðist þurrt og engir skurðir eru í þessu landi.

Viðnámsmælingar að Borðeyri

21.9.62 J.G.

Gerðar voru 4 mælingar. Nr. 1 og 2 eru á sjálfu volgru-
svæðinu en nr. 3 og 4 voru gerðar til samanburðar skammt
frá.

Nr. 1. Miðpunktur var við volga uppsprettu og lá línan
eftir skurðbakka rétt við laugina. Hitinn í lauginni er
33°C.

Nr. 2. Mælingin var gerð hornrétt á mælingu 1 og lá þvert
yfir veg, en miðpunktur var ca. 60 m vestan vegarins.
Austan hans voru melar er hallaði niður að sjó, svo lengra
varð ekki mælt.

Nr. 3. Mælt á flugvelli með miðpunkt ca. 600 m sunnan
volgrunnar, N-S.

Nr. 4. Mælt meðfram vegi, miðpunktur ca. 900 m norðan
við volgruna. Stefna N-S.